

357. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 7. apríl 2022 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
 Júniana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Rögnvaldur Ólafsson
 Svandís Jóna Sigurðardóttir
 Michael Gluszek – í gegnum Teams
 Fríða Sveinsdóttir – í gegnum Teams
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:


- 1) **Fundur með skólastjóra til að ræða stjórnunarbreytingar í grunnskólanum næsta skólaár.**
 Af óviðráðanlegum ástæðum komst skólastjórinn ekki á fundinn.
- 2) **Fundargerð 331. fundar bæjarráðs, dags. 7. apríl 2022. Lögð fram á fundinum.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2021. Fyrri umræða.**
 Frá Deloitte mættu Jónas Gestur Jónasson og Marínó Mortensen og voru þeir boðnir velkomnir. Ársreikningurinn er settur fram samkvæmt reikningsskílum sveitarfélaga. Starfsemi er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, sem eru: Félagsheimilið Klifi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalarheimilið Jaðar.
 Fóru þeir Jónas Gestur og Marínó yfir helstu tölur í ársreikningi 2021. Svöruðu endurskoðendum spurningum bæjarfulltrúa og varð nokkur umræða um reikninginn að yfirferð lokinni.
 Var nú endurskoðendum þökkuð koman og véku þeir af fundi.
 Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa ársreikningi Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2021, til síðari umræðu í bæjarstjórn fimmtudaginn 5. maí 2022.
- 4) **Fundargerð 159. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 5. apríl 2022.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) **Fundargerð 139. fundar hafnarstjórnar, dags. 29. mars 2022.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6) **Fundargerð 64. stjórnarfundar Jeratúns ehf., dags. 30. mars 2022.**
 Lagt fram til kynningar.
- 7) **Bréf frá Guðrúnu Láru Pálmadóttur, dags. 31. mars 2022, varðandi bann við skotveiði í Krossavík.**
 Bæjarstjórn þakkar ábendinguna og tekur undir þessar áhyggjur. Samþykkti bæjarstjórn samhljóða að vísa erindinu til skoðunar í tæknideild.
- 8) **Bréf frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga, dags. 25. mars 2022, varðandi viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalaflokka.**
 Lagt fram til kynningar.


BHH
 SJS
 Au
 BO


- 9) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. mars 2022, varðandi átak um hringrásarhagkerfið.
Lagt fram til kynningar.
- 10) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. mars 2022, varðandi innleiðingu barnaverndarlaga.
Lagt fram til kynningar.
- 11) Minnisþing bærarstjóra.
- Bæjarstjóri fór yfir hönnun á útivistarstíg við Svöðufoss og upplýsti um það að Smíðjan Fönix og Stafnafell muni sjá um framkvæmdina.
 - Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit ársins.
 - Bæjarstjóri fór yfir stöðu mánaðaryfirlita stofnana.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að lokið var við að undirrita brunavarnaáætlun á föstudaginn.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að byrjað er að undirbúa vorið og sumarið. Fyrirspurn kom um það hvort bóúð sé að ákveða dagsetningu á vorhreinsun, og ætlar bæjarstjóri að skoða það hjá tæknideild.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að bóúð er að ræna styttnni af Guðríði Þorbjarnardóttur við Laugarbrekku.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að við verðum í vandræðum með kjörstjórnir vegna nýrra kosningalaga.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að bóúð er að taka saman tillögurnar sem bárust um hönnun á Sáinu. Bæjarstjórn samþykkti að fela markaðs- og kynningarfulltrúa að taka saman smáfrétt um það hvaða tillögur bárust.
 - Bæjarstjóri fór yfir málefni vatnsverksmiðjunnar í Rífi.
 - Bæjarstjóri fór yfir hönnun og kostnaðaráætlun við Höskuldsá á Hellissandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30


Björn H Hilmarsson


Jónína Björg Óttarsdóttir



Svandís Jóna Sigurðardóttir


Auður Kjartansdóttir

Michael Gluszuk (rafrænt)


Rögnvaldur Ólafsson

Fríða Sveinsdóttir (rafrænt)


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Undirritunarsíða

Fríða Sveinsdóttir

Michael Gluszuk